

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

Rannsóknir í Haukadalsá 1974

Reykjavík, 9. des. 1974.

Gestur Kristjánsson, Borgarnesi.

Guðmundur Magnússon, Leirvogstungu.

Dagana 5. og 6. nóvember var unnið við rannsóknir í Haukadalsá. Tilgangurinn var að kanna fiskstofn árárinnar fyrir ofan Haukadalsvatn. Rafveitt var á 5 stöðvum, þrem fyrir ofan svonefnd Hlaup og tveim fyrir neðan þau. (sbr. meðfylgjandi kort).

Áin var í vexti sökum mikillar úrkomu og torveldaði það veiðarnar nokkuð.

Niðurstöður:

I. Svæðið ofan við Hlaup.

Eins og áður sagði var veitt á þremur stöðvum í þessum hluta árárinnar. Staðsetning stöðvanna er merkt inn á meðfylgjandi kort.

Stöð 1. Veitt var ca. 40 m meðfram n-bakka árárinnar og út í miðja á.

Einungis fengust 6 urriðar, 4.0 - 7.9 cm langir og voru þeir allir upp við bakkann á tiltölulega afmörkuðu svæði.

Almennt mat: Mjög lítið af seiðum, áin hvergi nærri fullsetin.

Stöð 2. Veitt var í kvísl, ca. 6 m breiðri og 100 m langri. Þrátt fyrir nákvæma yfirferð var aðeins vart við eitt seiði, sem ekki náðist.

Almennt mat: Nánast engin seiði á þessu svæði.

Stöð 3. Þessi stöð er skammt fyrir ofan Hlaupin, þar sem Þverá kemur í aðalána. Veiddur var ca. 30 m langur hylur. Vart var við einn fisk 15 - 20 cm langan.

Almennt mat: Mjög lítið af fiski.

## II. Svæðið neðan við Hlaup.

Stöð IV, rétt neðan við Mjóaból. Veitt var á ca. 50 m löngu svæði frá bakkanum og út í miðja á.

Alls staðar var mikið af seiðum og veiddust 25 bleikjuseiði. Vart var við margfalt fleiri fiska.

Almennt mat: Áin sennilega fullsetin bleikjuseiðum.

Stöð V. Veitt var á litlu svæði ofan við brúna.

Hér var einnig krökkt af seiðum og veiddust samtals 18 bleikjuseiði. Þau voru flest minni en á stöð IV og á það sína skýringu í því að þetta veiðisvæði (ofan brúarinnar) var betur fallið fyrir smáseiði (lítill straumur, lítið vatn).

Almennt mat: Áin sennilega fullsetin bleikjuseiðum.

### Ályktanir:

Eins og niðurstöður sýna var greinilegur munur á fiskmagni ofan og neðan við Hlaupin. Má af þessu draga þá ályktun að bleikja komist að öllu jöfnu ekki upp fyrir Hlaup.

Ekki er unnt að sjá hvort urriðaseiðin sem veiddust séu afkvæmi sjóurriða eða stafi frá staðbundnum urriðastofni í efri hluta árinna. Hvort sem sjóurriði kemst upp Hlaupin eða ekki er sennilegt að þar fyrir ofan sé einnig staðbundinn urriði og að nokkur hluti seiða hans gangi til sjávar. Þar sem rafveiðitækið sem notað var veiðir illa stærri fiska, þarf að kanna þetta með öðrum veiðiaðferðum að sumri til.

Svo virðist sem lax hrygni lítið ofan við Haukadalsvatn, en æskilegt væri að kanna það mál nánar við betri aðstæður og fá þá jafnframt samanburð við svæðið neðan vatnsins.

Það að lax hrygni í útrennsli stöðuvatna, en ekki innrennsli þeirra er þekkt fyrirbrigði og stafar m.a. af því að útrennsli vatna er miklu næringarríkara en írennslið

vegna svifs og annara lífvera sem eiga uppruna sinn í vatninu, en berast síðan niður í ána. Eins virkar stöðuvatnið sem hita og rennslisjafnari. Bleikjan gerir ekki eins miklar kröfur til næringar og hitastigs og laxinn og fær því betri samkeppnisaðstöðu við slíkar aðstæður.

Órannsakað er hvort slepping sumaralinna laxaseiða á slík svæði beri tilætlaðan árangur, en það væri vissulega áhugavert að reyna slíkt.

Fyrir ofan Hlaup virðist áin mjög vansetin og þar yrði ekki um samkeppni frá bleikju a.m.k. að ræða, svo þessi hluti árinna er mjög vel fallinn til sleppingar sumaralinna laxaseiða. Veiðimálastofnunin hefur gert tilraunir með slíkt í ám sv-lands, með góðum árangri.

Jón Kristjánsson,  
fiskifræðingur

Rafveiddur fiskur úr Haukadalsá 5.-6. nóv. '74.

Urriði stöð 1.

lengd í cm

7,9 cm

7,8 "

7,0 "

4,8 "

4,7 "

4,0 "

Eftirfarandi fiskar voru

aldursgreindir:

lengd í cm      aldur í vetrum

7,8                      1+

7,0                      1+

Bleikja stöð 4.

lengd cm

lengd cm

lengd cm

Aldursgreindir fiskar

13,5

9,4

8,4

lengd cm

aldur í vetrum

11,3

9,0

8,2

13,5

2+

11,1

9,0

8,2

11,3

1+

10,5

8,7

8,1

11,1

1+

9,8

8,6

8,0

8,4

1+

9,7

8,5

7,9

8,4

1+

9,5

8,5

7,8

9,5

8,4

7,6

9,5

Bleikja stöð 5.

lengd cm

lengd cm

lengd cm

Aldursgreindir fiskar

6,0

5,5

4,8

lengd cm

aldur í vetrum

5,8

5,4

4,7

5,1

0+

5,8

5,3

4,7

5,7

5,2

4,2

5,6

5,2

4,2


5,6



5,1

4,0

HAUKRÖÐLSIÐ 5/11 1974

RAFVEIÐ BÆIKJA, KENADRDREIFING,  
AÐUR/LEIÐ 6 FISK





# HAUKADALSÁ